

Samþykkt fyrir ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2. gr.

Ofbeldisvarnarnefnd skal vera borgarstjórn og nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um aðgerðir og viðbrögð við ofbeldi í samfélaginu. Nefndin skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess.

Hlutverk

3. gr.

Ofbeldisvarnarnefnd er vettvangur samráðs borgarfulltrúa og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins.

Ofbeldisvarnarnefnd er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðlar með viðfangsefnum sínum, ráðgjöf og tillögum að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi.

Skipan

4. gr.

Ofbeldisvarnarnefnd er skipuð 7 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Lögreglustjórinn á höfuborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, Stígamót tilnefna einn fulltrúa og einn til vara, Samtök um kvennaathvarf tilnefna einn fulltrúa og einn til vara og Embætti landlæknis tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara.

Borgarstjórn kýs formann nefndarinnar en ofbeldisvarnarnefndin kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar. Þá getur ofbeldisvarnarnefnd tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt.

Ofbeldisvarnarnefnd getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokkka. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynnt borgarráði.

Verkstjórn og verkaskipting

5. gr.

Formaður nefndarinnar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Ofbeldisvarnarnefnd er vistuð hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Mannréttindastjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar og rekstri og stjórnsýslu hennar. Fagráð Reykjavíkurborgar tilnefna tengiliði ofbeldisvarnarnefndar innan fagsviða.

Boðun funda og fundarsköp

6. gr.

Ofbeldisvarnarnefnd skal að jafnaði halda fund ársfjórðungslega auk opins fundar með Borgarstjórn Reykjavíkur og hagsmunaaðilum. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi að sumarlagi. Formaður ofbeldisvarnarnefndar boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra og stýrir fundum nefndarinnar.

Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í nefndinni hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir enda eru þau á verksviði nefndarinnar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri skal sitja fundi ofbeldisvarnarnefndar með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur nefndin boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

7. gr.

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ofbeldisvarnarnefnd skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar.

Mannréttindaskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir nefndina og leggur henni til fundarritara. Mannréttindastjóri ber ábyrgð á fundarritun.

Málsmeðferð

8. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna. Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka málið upp að nýju. Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Samþykkt í borgarstjórn X.xx 2014